

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/1999

frá 24. september 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/1999 frá 16. júlí 1999⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/77/EB frá 2. október 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0077**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/77/EB frá 2. október 1998 (Stjtið. EB L 286, 23.10.1998, bls. 34).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í XIII. viðauka bætist eftirfarandi við lið 5.2:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“““.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 23.11.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 286, 23.10.1998, bls. 34.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/77/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner